



Kóngur úti í horni

Spil fyrir 2. Hentar yngri börnum ágætlega.

Gögn: Spilastokkur með 52 spilum.

Undirbúningur: Leikmönnum eru gefin þrjú spil fyrst, síðan tvö og svo aftur þrjú. Leikmenn einir sjá spilin sín. Stokkurinn settur á hvolf á mitt borðið. Fjögur spil lögð upp í loft á borðið, eitt við hverja hlið stokksins.

Gangur spilsins: Spilið gengur út á að losna við öll spilin af hendi. Leikmenn gera til skiptis. Alltaf er byrjað á að draga spil úr stokknum áður en leikmaður gerir.

Sá sem ekki gaf byrjar og leggur síðan einu lægra spil í öðrum lit ofan á eitthver af spilunum á borðinu. Dæmi: Svartur gosi í borði-rauð tía löð ofan á hann eða rauð tía í borði sem má vera með spil ofan á sér er færð ofan á svarta gosann. Spilarinn sem er að gera má leggja niður eins mörg spil og hann getur þegar hann á leik. Kónga á að leggja við horn spilastokksins og rekja ofan á þá. Ef eyða myndast á einhverjum hinna fjögurra staða má leggja hvaða spil sem er í hana.

Þegar annar spilarinn hefur losnað við öll spilin sín af hendi hefur hann sigrað.

Upphafsstaða:

